

Nr. 090 / 11 Rún EA 351

Skipverji slasast við fall

Skipaskr.nr. 7362
Smíðaður: Hafnarfirði 1992, plast
Stærð: 6,6 bt.
Mesta lengd: 8,99 m Skráð lengd: 8,96 m
Breidd: 2,65 m Dýpt: 0,92 m
Vél: Cummins 187 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 3



Gögn:
Gögn RNS

Rún©Þorgeir Baldursson

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. apríl 2011 var Rún EA 351 við bryggju á Árskógssandi.

Bátsverji var að fara um borð en þegar hann steig á efsta fríholtið (hjólbarði) á bryggjunni missti hann jafnvægið og féll fram fyrir sig niður í bátinn. Við þetta lenti hægri fótur hans á járnkanti á netaborði.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði kvaðst hafa ætlað að bakka niður fríholtin en ekki verið búinn að snúa sér við þegar honum fannst hann vera að missa jafnvægið. Brást hann við með því að halla sér fram;
- að fallið var um 1,5-2 metra.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.